

## 331. stjórnarfundur LEB

Haldinn 26. maí kl. 10.00 að Sigtúni 42

Mættir: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson, Ingólfur Hrólffsson, Dagbjört Höskuldsdóttir, Drífa Sigfúsdóttir, Ólafur Ingólfsson, Ellert Scram, Valgerður Sigurðardóttir og Viðar Eggertsson, starfsmaður LEB.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Þórunn setti fund og bar upp fundargerð sem var samþykkt og undirrituð.

### 2. Viðtöl við forystufólk launpegasamtaka

Þórunn sagði frá samtölum sínum við forystufólk samtakanna. Hitti Drífu Snædal forseta ASÍog reifaði við hana áhyggjur okkar félagsmanna. Þeir væru flestir fyrrum félagar í þessum stéttarfélagum, sem vildu gjarnan fá meiri þjónustu. Svo hitti Þórunn Sonju Ýr Þorbergsdóttur formann BSRB og fræddi hana um sömu atriði og líka um forsögu LEB sem var stofnað ekki síst fyrir frumkvæði þessarar hreyfinga. Þórunn sagði að BSRB virtist vera í meiri sambandi við sína eldri félagsmenn. Rætt var um að tala saman áfram og stefna að ráðstefnu með launpegasamtökunum og öryrkjum og eldri borgurum. Næsti fundur verður með Þórunni Sveinbjarnardóttir, formanni BHM. Haukur ræddi svo um samkomulagið milli Öryrkjabandalagsins og launpegasamtakanna. Drífa og Dagbjört voru sammála því að þessum viðræðum yrði haldið áfram. Ólafur og Valgerður tóku einnig þátt í umræðum.

### 3. Undirbúningur Landsfundar LEB

Hann verður haldinn 30. júní. eins og hann var boðaður formlega 27. apríl sl. með fyrirvara þá. Félögin sem áttu eftir að halda sína aðalfundi vegna Covid stefna á að halda fundi á næstu vikum. Viðar dreifði gögnum varðandi fyrirhugaðan landsfund, þ.á.m. tilboðum sem LEB fékk um að halda fundinn. Lægsta tilboðið var frá Hótel Sögu, en kvöldverðurinn þar er nokkuð dýr. Rétt er að láta reyna á hvort ekki er hægt að semja við Sögu um lækkun á kvöldverðinum. Samþykkt að láta reyna á það og að halda sig við Hótel Sögu.

Samþykkt að fá skemmtikraft og talað um nokkra aðila.

Rætt var um almennan kostnað við landsfundinn svo sem ferðakostnaði. Samþykktar reglur sem fela í sér skilgreiningar á greiðslu LEB vegna lands- og nefndafunda.

Samþykkt að sent verði út fundarboð þar sem beðið verður um að kjörbréfum sé skilað fyrir 15. júní.

### 4. Undanþágur tímamarka vegna covid á innsendingu gagna fyrir Landsfund

Samþykkt að stytta frest til innsendingar gagna og framboð til stjórnar til 15. júní 2020, eins og getið verður í fundarboði á Landsfund. Rædd var stefnumótandi tillaga

kjaranefndar sem Haukur gerði grein fyrir. Samþykkt tillagan en Hauki falið að yfirfara hana og lagfæra samkvæmt umræðum á fundinum. Dagbjört skýrði frá því að tillaga velferðarnefndar til landsfundar væri ekki tilbúin en fundur í nefndinni yrði í næstu viku. Samþykkt að tekin yrði netsamþykkt, tillagan verður send stjórn til afgreiðslu.

**5. Samningur við MS**

Lagður fram undirritaður samstarfssamningur. MS mun borga LEB 30 þúsund kr. á mánuði til ársloka 2021. LEB mun á móti birta á heimasíðu LEB merki MS. Einnig koma til samvinnu við kynningar á vörum frá MS, sem henta eldri borgurum.

**6. Útgáfa bæklinga um símvani og heimsóknarvini**

Bæklingurinn sem hefur verið í vinnslu samþykktur. Samþykkt að leita tilboða í prentun.

**7. Nýtt verkefni um eldri nýbúa**

Byrjað er að leita að upplýsingum og leita að fólki sem hefur ekki verið mjög sýnilegt. LEB heldur utan um verkefnið en fleiri taka þátt, borgin leggur til starfsmenn og leitað hefur verið upplýsinga hjá ASÍ og fleirum.

**8. Hvað verður um verkefnið Spjöllum saman?**

Mögulegar leiðir: Símvinaverkefni í samvinnu við Rauðakrossinn til að ná sambandi við 85 ára og eldri. Hvað á að gera núna? Stjórnin telur ekki fært fyrir LEB að taka verkefnið yfir. Það myndi þurfa sérstakan starfsmann til þess. Bent var á að æskilegt væri að Rauða krossinn annaðist verkefnið.

**9. Viðtöl vegna skýrslu Skúla og staða hennar**

Haukur fór í gegnum skýrsluna og skýrði út einstök atriði. Brýnt að koma henni á framfæri við fjölmiðla og ákveðið að gera það sem fyrst. Ellert nefndi að lítið kæmi frá nefnd um lífskjör aldraðra. Málið var rætt. Samþykkt að flytja sérstaka tillögu vegna skýrslu Skúla.

**10. Hvar er útspil stjórnvalda vegna eldri borgara?**

Lítið hefur miðað. Frumvarp 666. átti að taka gildi fyrir ári og nú var lofað að það tæki gildi 1.júní í ár. Þórunn hefur verið að reyna að ná fundum við ráðherra en öllu hefur ávallt verið frestað.

**11. Hópurinn um lífskjör og velferð**

Breytt vinnulag: Formaður nefndarinnar hefur lagt til að hópnum verði skipt upp í 3. hópa til að vinna að verkefnum. Skýrsla Skúla var send til starfshópsins. Haukur og Þórunn kröfðust þess í hópnum að um skýrsluna yrði fjallað sem fyrst.

## 12. Næsti stjórnarfundur

Samþykkt að halda fundinn þriðjudag 16. júní kl. 9.30

## 13. Önnur mál

- Enginn sem vantar heyrnartæki getur fengið viðbótarupphæð til að fá þau. Viðmiðunarupphæð tekna er mjög lág.
- Þórunn minntist á hvað væru góð efni til að hafa sem fræðslu á Landsfundi. Leitaði eftir tillögum. Minntist á td. Öryggismiðstöðina um hjálpartæki og Berglindi Magnúsdóttur um heimilishjálp og heimahjúkrun.
- Haukur spurðist fyrir um reikningana. Þeir eru nokkurnveginn tilbúnir þau Haukur, Þórunn og Valgerður ætla að hittast á morgun og skoða þá betur.
- Góð hugmynd til athugunar: Streymisveitur með viðtölum kanna það betur kostnað og verklag.

Fleira ekki gert – fundi slitið.

Fundargerð ritaði Dagbjört Höskuldsdóttir.

Þórunn Síngjónsdóttir  
Haukur Halldórsson  
Dýsfríður Hólfur  
Dagbjört Höskuldsdóttir  
Dagný Sigfusdóttir  
Margrétur Sigurðardóttir  
Elinborg Sigrún